

Það, sem athugaverðast er um skipstjórn Brigitte Sturm er það, að hún tók ekki þegar í stað aftur á, er siglingaljósinn á Papey saúst. Um þetta atriði hefir skipstjórinn á Brigitte Sturm haldið því fram, að ef svo hefði verið gert, að þá hefði skipið lent á fiskilest Papeyjar og klofið hana gersamlega um þvert. Þessari staðhæfingu skipstjórans er nú ekki hnekktt og tímamörk þau, sem áður hafa verið greind og fjarlægðin milli skipanna gera það ekki líklegt, að árekstrinum hefði orðið afstýrt þótt skipun um fulla ferð aftur á bak hefði þegar í stað verið gefin, er siglingaljósinn saúst.

Samkvæmt framansögðu þykir því verða að leggja alla sök á árekstrinum á skipstjóra Papeyjar og ber þá að sýkna stefndu af kröfum stefnanda í máli þessu, en rétt þykir að málskostnaður falli niður.

Laugardaginn 4. apríl 1936.

Nr. 29/1935. H/f „Shell“ á Íslandi

(Sveinbjörn Jónsson)

gegn

hreppsnefnd Blönduóshrepps

(Einar B. Guðmundsson).

Útsvarsmál.

Úrskurður fúgetaréttar Húnavatnssýslu 21. jan. 1935:
Hin umbeðna lögtaksgerð á að njóta framgangs.

Dómur hæstaréttar.

Með stefnu útgefni 16. marz 1935 hefir áfrýjandi skotið til hæstaréttar úrskurði, uppkveðnum í fúgetarétti Húnavatnssýslu 21. jan. 1935, og eftirfarandi lögtaksgerð og gert þær réttarkröfur, að greindar réttarathafnir séu felldar úr gildi og stefndur dæmdur til að greiða málskostnað í hæstarétti eftir mati réttarins.

Stefndi hefir hinsvegar gert þær réttarkröfur, að téður úrskurður og lögtaksgerð verði staðfest og honum dæmdur málskostnaður eftir mati réttarins.

Það er upplýst í málinu, að á þeim stöðum úti á landi, þar sem benzin frá áfrýjanda er selt, gerir hann umboðssölusamning við mann á staðnum, og eru aðalatriði þess samnings þau, að umboðsmaðurinn tekur að sér að selja eða sjá um sölu á benzini fyrir áfrýjanda. Leggur áfrýjandi til benzíngeymi ásamt lóðarskika fyrir geyminn. Benzínið sendir áfrýjandi á sinn kostnað umboðsmanninum. Benzíngeymirinn og tunnur þær og dúncar, sem benzínið er flutt í, eru eign áfrýjanda. Umboðsmaðurinn fær 3 auro fyrir hvern lítra í sölulaun. Hann ber ábyrgð á þeim birgðum af benzini, sem koma í vörzlur hans til umboðssölu, nema óviðráðanlegum orsökum sé um að kenna, svo ber hann og ábyrgð á skilvísri greiðslu á andvirði þess benzíns, sem hann selur, hvort sem hann selur benzínið gegn staðgreiðslu eða lánar það viðskiptamönnum sínum. Á Blönduósi hefir maður að nafni Kristinn Magnússon haft á hendi sölu á benzini í þágu áfrýjanda. Skriflegan samning hafa þeir áfrýjandi og Kristinn undirritað á árinu 1935. Er efni samnings þessa eins og þegar hefir greint verið og hefir hann samkvæmt texta sínum gilt frá 1. júní 1930. Skilagreininir, sem téður Kristinn hefir gefið áfrýjanda um benzínsöluna í des. 1932 og 1933 og lagðar hafa verið fram í hæstarétti, eru í fullu samræmi við nefndan samning. Verður þess vegna að ganga út frá því, að viðskipti áfrýjanda og Kristins hafi á árinu 1932, eða útsvarsári því, sem um er að ræða í máli þessu, verið eins og greinir

í samningnum. Hér fyrir réttinum hafa verið lögð fram gögn, sem sýna, að í framkvæmdinni hefir, auk þess sem segir í samningunum, sú tilhögun verið höfð á benzínsölunni, að það hefir orðið að samkomulagi með áfrýjanda og forráðamönnum ýmissa bifreiðastöðva í Reykjavík, að bifreiðar frá stöðvunum fá benzin hjá umboðsmönnum áfrýjanda úti á landi gegn undirritaðri nótu af hálfu bílstjóranna um viðtöku benzínsins. Eru nótur þessar síðan sendar áfrýjanda, sem sér um innheimtu þeirra. En sölumaðurinn fær full umboðslaun af andvirði þess benzíns, sem þannig er selt.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að téður Kristinn Magnússon hafi ekki í raun og veru haft á hendi umboðssölu fyrir áfrýjanda af þeim sökum, að áfrýjandi leggi til benzíngeyminn ásamt lóð, að sölumaðurinn gefi ekki út reikningana í sínu nafni heldur nafni áfrýjanda og að hann ber ekki ábyrgð á greiðslu þess benzíns, sem hann afhendir gegn nótu á þann hátt, sem áður segir.

Á þetta verður ekki fallizt. Greindur sölumaður vinnur almennt starf sitt á eigin ábyrgð og kostnað og gegn ákveðnu hundraðsgjaldi af hinni seldu vöru. Hann getur þess vegna ekki talizt að vera þjónn áfrýjanda. Rekur áfrýjandi þannig ekki sjálfstæða atvinnustofnun á Blönduósi í þeirri merkingu, sem átt er við í 8. gr. a-lið í lögum um útsvör nr. 46 frá 1926. Þá hefir það engin áhrif um útsvarsskylduna, þótt áfrýjandi hafi lagt til benzíngeyminn ásamt lóðarskika þeim, sem geymirinn hefir verið settur niður í. Það ber því að fella hinn áfrýjaða fógetaréttarúrskurð og lögtaksgerð úr gildi og dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í hæstarétti, er ákveðst kr. 100.00.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði fógetaréttarúrskurður og lög-
taksgerð eru felld úr gildi. Stefnur, hrepps-
nefnd Blönduóshrepps f. h. hreppssjóðs,
greiði áfrýjanda, H/f „Shell“ á Íslandi, kr.
100.00 í málskostnað að viðlagðri aðför að lög-
um.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Gerðarbeiðandi, Þorsteinn Bjarnason, gerir þær kröfur
f. h. Blönduóshrepps, að lögtaksgerðin verði látin ná
fram að ganga, til tryggingar og fullnustu álögðu útsvari,
að upphæð kr. 200.00, ásamt 6% ársvöxtum af þeirri upp-
hæð, frá 1. janúar 1934 til greiðsludags, og að auki kostnað
við gerðina, þar með talin sanngjörn ómakslaun fyrir
flutning málsins fyrir fógetaréttinum.

Gerðarbeiðandi upplýsir í sambandi við útsvarskröf-
una, að útsvarið sé lagt á í einu lagi, bæði á fasteign gerð-
arþola á Blönduósi, benzíngeymi með tilheyrandi lóð, og
á benzínsöluna frá nefndum geymi, er sé rekinn undir
nafni gerðarþola, er einn eigi vöruna, og ráði einn verði
hennar að öllu leyti. Heldur gerðarbeiðandi því fram,
að á afgreiðslumann gerðarþola á Blönduósi verði eigi
lagt útsvar með tilliti til arðs af benzínsölnunni, heldur
aðeins á sölulaun hans. Sé því eigi unnt að halda sig að
honum einum um útsvarsálagningu á umræddan atvinnu-
rekstur.

Gerðarþoli heldur því hinsvegar fram, að hann reki
eigi sjálfstæða verzlun með benzín á Blönduósi, heldur
sé aðeins um umboðssölu að ræða, samkvæmt sérstök-
um umboðssölusamningi. Fáí umboðsmaður ákveðin um-
boðslaun af vörunni og sé í þeim innifalin afnot af ben-
zíngeyminum og lóð þeirri er hann stendur á. Geti gerð-
arbeiðandi því eigi átt kröfu til annars útsvars en þess,
sem umboðsmanninum verði gert að greiða, og mótnælir
af þeim ástæðum, að hann — gerðarþoli — geti verið út-

svarsskyldur á Blönduósi og þar af leiðandi einnig því, að gerðin verði látin ná fram að ganga.

Það verður að teljast viðurkennt af gerðarþola, að hann eigi fasteign á Blönduósi, svo og það, að þessi fasteign gefi honum arð, sbr. varnarskjal umboðsm. gerðarþola rjskj. nr. 3, setninguna: „Fær hann ákveðin umboðslaun fyrir söluna og er einn hluti þeirra umboðslauna það, að hann hefir ókeypis afnot af benzíngeymi og lóðinni undir honum“. Orðið „ókeypis“ í þessu sambandi verður að skilja þann veg, að umboðsmaðurinn greiði eigi gerðarþola út leigu eftir benzíngeyminn með lóð, heldur taki leiguna undir sjálfum sér, sem „hluta“ umboðslaunanna, eins og það er orðað í framangreindu varnarskjali.

Hér við er þó það að athuga, að staðhæfing gerðarþola, sú, að benzínsala hans á Blönduósi fari fram í umboðssölu, er alls eigi rökstudd, og eigi svo mikið sem reynt að færa fram líkur fyrir því, að hún sé rétt. Virðist það beinlínis athyglisvert, að hinn umgetni og tilvisaði umboðssölusamningur er eigi lagður fram í fógetaréttinum sem sönnunargagn.

Gefur útivist samningsins sérstakt tilefni til varúðar gagnvart nefndri staðhæfingu gerðarþola. Hinsvegar verður þó ekki hjá því komizt, að taka til greina og byggja á þeirri viðurkenningu gerðarþola, að fasteign hans á Blönduósi gefur honum arð, þótt sú viðurkenning sé háð og samtvinnuð öðrum atriðum, sem telja verður ósönnuð, sérstaklega þar sem hinu gagnstæða er hvergi hreyft í varnarskjali gerðarþola, sem skrifað er af lögfræðingi, að eignin sé honum arðlaus.

Með tilvísun til laga um útsvör frá 1926 8. gr. a. lið, verður samkvæmt framansögðu, að telja gerðarþola útsvarsskyldan til Blönduóshrepps, og þar sem í þessu sambandi er aðeins um útsvarsskylduna að ræða, en eigi upphæð útsvarsins, né aðra kröfufliði gerðarbeiðanda, — en engu öðru en útsvarsskyldunni hefir verið mótmælt sérstaklega —, verður að taka kröfu oddvita Blöndóshrepps til greina um framkvæmd hinnar umbeðnu lög-taksgerðar.

